



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 12. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Fimmtudagur. 18.03.10 kl. 17:30
Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður

Boðuð forföll:
Fjarverandi:

Fundarritari: RP

Helstu mál: Þing KLÍ, Norræni fundurinn

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 11. fundar 2009-2010 samþykkt.

2. Þing KLÍ

PI fór yfir stöðu á undirbúningi fyrir þing KLÍ. Dagsetning fyrir þingið er 18.5.2010 og mun KR sjá um aðstöðu fyrir þingið. Þeir eru að vinna í því að finna fundarstað. Hafsteinn Pálsson hefur staðfest að hann verði fundarstjóri.

Breytingatillögur frá KLÍ þurfa að berast 2 vikum fyrir þing eða 4.maí. Breytingatillögur frá öðrum þurfa að berast 4 vikum fyrir þing eða 20.aprí.

3. Norræni fundurinn

Fundurinn verður haldinn 4-6 júní. Fundargestir munu koma á föstudags eftirmiðdegi og fara aftur á sunnudags morgni.

PMP bað um að á fundinum verði merkjum RIG haldið á lofti. Ætlunin hafi verið hjá Norska sambandinu að senda hóp á RIG sem haldið var í janúar þetta ár en ekkert orðið úr og það mætti reyna að byggja upp þátttöku erlendra leikmanna í mótið.

PI nefndi að hugmynd væri um að 1-2 atriði yrðu sérstaklega skoðuð frá hverju landi og mun hann senda lista á stjórnarmenn og fá tillögur frá þeim hvað við viljum ræða.

PI mun athuga hvort ÍSÍ sponsori kvöldverð fyrir fundarmenn.

5. Önnur mál

Umræða var um olíuburð. GS hafði verið í sambandi við formann Tækninefndar um að mæla olíuburð á Skaganum og taldi hann sig geta haft gagn af því til að fá mælingu af olíuburðinum til að vinna út frá. PMP, tengiliður stjórnar við Tækninefnd, ætlar að ræða betur við formann Tækninefndar.

SJ spurði hvort ekki væri ætlunin að svara fyrirspurn frá Sigríði Klemmsdóttur varðandi landsliðsmál kvenna. ÞI taldi að það hefði verið gert þegar fyrirspurn kom frá henni. Ekki hafi verið neinar spurningar sem svara þyrfti í samantekt sem seinna kom. Nokkur umræða var um málið þar sem SJ lagði til að tekin yrði upp afreksstefna KLÍ. ÞI benti á að Landsliðsnefnd væri að vinna í að búa hana til.

PMP tók upp umræðu um það hver viðurlög væru við því ef áfengislykt væri af keppanda sem mætti í unglingamót. ÞI benti á að reglur um áfengisnotkun væri skýr og ætti ekki bara við um unglingamót heldur um alla keppendur. Nokkur umræða var um hvort gera ætti greinarmun á

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

unglingamóti og móti fyrir fullorðna og hvar ætti að draga mörkin, t.d. ef leikmaður mætir þunnur í mót. Ljóst sé að það geti verið snúið að finna réttu mörkin að morgni hvenær leikmenn séu undir áhrifum áfengis.

Ekki var ákveðin tímasetning á næsta fundi.